Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogs

Kópavogi, 3. desember 2021
Mál nr: One 2011213

Efni: Minnisblað um gerð draga að loftlagsstefnu Kópavogs

Ferill málsins og staða þess

Þann 18. september 2020 óskuðu Píratar eftir því að hafin yrði vinna við gerð loftlagsstefnu Kópavogsbæjar (One# 2009430). Einnig segir í 5. gr. c laga um loftlagsmál nr. 70/2012 m.s.br. að „sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu. Stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.“ Í kjölfarið hófst vinna við gerð stefnunnar. Sú vinna hefur staðið yfir sleitulaust allt þetta ár og er vinnan á lokametrunum nú í byrjun desember 2021. Það sama á við um aðgerðaráætlunina, beðið er eftir lokatölum varðandi flug starfsmanna og bæjarfulltrúa Kópavogs.

Stefnan, sem er þverlæg á öll svið Kópavogsbæjar, verður á dagskrá umhverfis- og samgöngunefndar þann 21. desember n.k. og fer í beinu framhaldi fyrir bæjarráð.

Samráð

Starfshópurinn sem hefur unnið að gerð stefnunnar mun leggja til að stefnan fari í íbúasamráð og að líkt og með menntastefnu og nú lýðheilsustefnuna verði rafræni vettvangurinn Betra Ísland notaður til þess, enda Kópavogsbúar orðnir vel kunnugir þeim vettvangi.

Ef nefndin og bæjarráð samþykkja að senda stefnuna í samráð, þá verður, líkt og með hinar tvær stefnurnar sem hafa farið eða eru um það bil að fara í samráð, endanleg lokahönd lögð á stefnuna í kjölfar þess samráðs. Hún yrði í framhaldi lögð fyrir nefndina og svo fyrir bæjarráð væntanlega síðla veturs eða snemma vors 2022.

Virðingarfyllst,

_____

Sigrún María Kristinsdóttir
Verkefnastjóri íbúatengsla

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026